



▶ Hvenær eru áfangaúttektir gerðar?

Áfangaúttektir eru gerðar af embætti byggingarfulltrúa þegar hús er í byggingu. Þegar byggingarleyfi er veitt er áætlaður fjöldi úttekta á hvert hús. Skv. 48. gr í byggingarreglugerð skulu hlutaðeigandi byggingarstjórar óska eftir áfangaúttekt á eftirfarandi verkþáttum með minnst sólarhrings fyrirvara:

1. Jarðvegsgrunni, áður en byrjað er á mótauppslætti eða fyllingu í slíkan grunn.
2. Undirstöðuveggjum.
3. Lögnum í grunn, þ.m.t. rör fyrir rafmagnsheimtaug áður en hulið er yfir, raka- og vindvarnarlögnum.
4. Grunni, áður en botnplata er steipt.
5. Járnalögnum, grind, bitum og þaki, áður en klætt er.
6. Frágangi á klæðningu þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum, þ.á.m. á neglingu þakjárns eða öðrum tilsvarandi frágangi.
7. Frágangi á ystu klæðningu veggja, hita- og hljóðeinangrun.
8. Neysluvatns-, hitavatns-, hita- og kælikerfum ásamt einangrun þeirra.
9. Frárennslis-, regnvatns- og þerrikerfum, stokkalögnum og íhlutun þeirra fyrir loftræsi- og lofthitunarkerfi ásamt hita- og eldvarnaeinangrun.
10. Tækjum og búnaði loftræsi- og lofthitunarkerfa.
11. Úttekt á verkþáttum varðandi eldvarnir.
12. Þáttum er varða aðgengi m.t.t. fatlaðra.

▶ Hverjir sækja um áfangaúttekt?

Byggingarleyfishafar og byggingarstjórar þeirra. Heimilt er að veita hlutaðeigandi byggingarstjóra leyfi til eigin úttekta á skilgreindum verkþáttum, enda verði byggingarfulltrúa afhent yfirlýsing um að úttektir og eftirlit fari fram í samræmi við áður gerða gæðaáætlun, sbr. mgr. 30.3 - 30.5 í byggingarreglugerð. Til þess að sækja um og fá áfangaúttekt verður viðkomandi að hafa skriflegt byggingarleyfi fyrir viðkomandi hús.

▶ Meðhöndlun kæra og kvartana

Athugasemdir vegna úttekta berist til embættis byggingarfulltrúa, yfirverkfræðings eða Magnúsar Sædal byggingarfulltrúa í Reykjavík.

▶ Upplýsingar

Allar upplýsingar varðandi beiðnir um áfangaúttektir eru veittar á afgreiðslu byggingarfulltrúa, skipulagssviði að Borgartúni 3, sími 411 3000, netfang; byggingarfulltrui@rvk.is

Miðað er við að úttekt fari fram virka daga samdægurs er beiðni berst eða árla morguns næsta virkan dag. Símatími úttektamanna er 8.30-9.30 og 11.00-12.00.

Til þess að fá úttekt framkvæmda þarf byggingarleyfi að vera til staðar og vera sýnilegt á byggingarstað.

▶ Ferli áfangaúttektar

Viðkomandi óskar eftir áfangaúttekt með símtali eða viðtali milli kl. 11-12 alla virka daga.

Starfsmaður byggingarfulltrúa skrifar niður beiðnina og gefur upp tíma fyrir áfangaúttekt.

Ef ekkert er athugavert þá er gefinn út úttektamiði samkvæmt stöðluðu blaði sem staðfesting á að úttekt hafi farið fram og sé í lagi. Ef úttekt er hafnað er sama eyðublað afhent með athugasemd og áritun um það.

▶ Gjaldtaka

Gjald fyrir áfangaúttekt er 5.300 kr.